

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2017
komudagur 2.5.2012

Reykjavík, 30. apríl 2012.

Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála með síðari breytingum (auknar rannsóknarheimildir lögreglu). 140. löggjafarþing, þskj. 981 – 622. Mál.

Laganefnd LMFÍ hefur fengið framangreint frumvarp til umsagnar. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er tilgangur þess að mæla fyrir um auknar heimildir lögreglu til að hefja rannsókn á grundvelli vitneskju eða gruns um að verið sé að undirbúa eða leggja á ráðin um að fremja brot sem fellur undir ákvæði 175. gr. a almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, um starfsemi skipulagðra brotasamtaka. Laganefnd telur umrædd ákvæði gefa tilefni til eftirfarandi athugasemda.

Að mati Laganefndar er þó í reynd er ekki um auknar rannsóknarheimildir að ræða, heldur mætti þvert á móti halda því fram að frumvarpið gæti kallað fram vafa um rannsóknarheimildir, sem hingað til hafa tíðkast og þótt heimilar.

Núverandi rannsóknarheimildir lögreglu hafa ekki aðeins verið túlkaðar þannig að lögreglan geti hafið rannsókn á broti sem þegar hefur verið framið, heldur geti lögregla einnig rannsóknað tilraunabrot skv. 20. gr. alm. hgl. Tilraunahugtakið í almennum hegningarlögum hefur ætíð verið skilgreint rúmt og til að mynda verið talið ná yfir undirbúningsaðgerðir brota af hvaða tagi sem er. Á þeim forsendum hefur lögregla hingað til getað nýtt sér þær rannsóknarheimildir sem þegar er mælt fyrir um í lögum, til að mynda fengið hlerunarheimild, í þeim tilgangi að fylgjast með undirbúningi brots sem er í uppsiglingu, þ.m.t. undirbúningsaðgerðum. Að mati Laganefndar bætir 1. mgr. 52. gr. a, sbr. 1. gr. frumvarpsins, ekki nokkru við. Laganefnd telur því að miðað við túlkun núveranda lagaheimilda hafi lögreglan þegar heimild til að hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að verið sé að leggja á ráðin um að fremja brot gegn 175. gr. a alm. hgl.

Þvert á móti mætti gagnálykta frá hinu nýja ákvæði á þann veg að úr því að löggjafinn sjái ástæðu til að mæla sérstaklega fyrir um að lögregla geti hafið rannsókn í tilefni að undirbúningi brots gegn 175. gr. a alm. hgl., sem eru sérstakar aðstæður, þá feli það jafnframt í sér þann skilning löggjafans að almenna heimild af slíku tagi sé ekki að finna í lögum og að fyrri túlkun hafi verið röng. Á þann máta má segja að frumvarpið geti kallað fram vafa um réttarframkvæmd sem tíðkast hefur árum saman og grafið undan rannsóknarheimildum sem almennt er viðurkennt að lögregla hafi haft til þessa. Frumvarpið myndi með þessum hætti vinna gegn tilgangi sínum.

Ennfremur telur Laganefnd að ekki sé þörf á ákvæði 1. málslíðar 2. mgr. 52. gr. a, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Það leiðir af sjálfu sér að hafi lögregla heimild til að hefja rannsókn þá getur hún beitt þeim úrræðum sem henni eru almennt tæk lögum samkvæmt.

Hvað varðar ákvæði 2. málslíðar 2. mgr. 52. gr. a, sbr. 1. gr. frumvarpsins, þar sem slakað er á kröfum til símahlustunar og skyldra aðgerða þegar um er að ræða rannsókn á broti gegn 175. gr. a alm. hgl., þá mætti útfæra það ákvæði með öðrum hætti, t.d. með því að vísa sérstaklega til 175. gr. a alm. hgl. í 2. mgr. 83. gr. sml.

Í 3. mgr. 52. gr. a, sbr. 1. gr. frumvarpsins, er mælt fyrir um skyldu ríkissaksóknara til eftirlits og upplýsingagjafar til allsherjanefndar Alþingis. Að mati Laganefndar liggur fyrir skv. núgildandi lögum og dómafordæmum að ríkissaksóknari er æðsti handhafi rannsóknarvalds í landinu og getur meðal annars tekið það upp hjá sjálfum sér að hafa eftirlit með rannsókn, mæla fyrir um tilteknar rannsóknaraðgerðir eða að taka rannsókn máls yfir. Hér er því fyrst og fremst um áherslumun að ræða, fremur en mikinn efnismun, það er sérstök skylda er lögð á ríkissaksóknara að hafa eftirlit með rannsókn og aðgerðum lögreglu samkvæmt greininni í stað heimildar sem ríkissaksóknari hefur í dag. Með vísan til þess að embætti ríkissaksóknara heyrir undir innanríkisráðuneyti er þó að mati Laganefndar heppilegra að mælt sé fyrir um skýrslu gjöf ríkissaksóknara til innanríkisráðherra sem æðra stjórnvald í stað þingnefndar Alþingis svo sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Laganefnd telur einsýnt að nokkrar brotalamir hafi verið á eftirliti með beitingu rannsóknarheimilda lögreglu. Veltir nefndin því upp að nauðsynlegt kunni að vera að mæla fyrir um í lögum um meðferð sakamála að þeim er sæta skuli rannsókn á grundvelli framangreindra heimilda sé skipaður réttargæslumaður til þess að tryggja megi að heimildir séu ekki notaðar úr hófi en einnig til að fylgja því eftir að aðilar fái upplýsingar um rannsókn að henni lokinni.

Með vísan til framangreinds er það mat Laganefndar að frumvarpið vinni í raun gegn tilgangi sínum, þ.e. að veita lögreglu auknar rannsóknarheimildir í tilteknum tilvikum. Að þessu virtu leggst Laganefnd gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Virðingarfyllst,

F. h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Dóra Sif Tynes, hdl., formaður.